

**Aðalfundur í stjórn Minjasafns Austurlands mánudaginn 27. febrúar 2017 kl. 16:00 í Safnahúsinu. Mættar eru: Marianna Jóhannsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Kristjana Björnsdóttir, Margrét Dögg Guðgeirsdóttir (ritar fundargerð) og Elsa Guðný safnstjóri.**

### **1. Ársskýrsla 2016**

Elsa Guðný fer yfir ársskýrsluna.

### **2. Ársreikningar 2016**

Drög að ársreikningi lögð fram og kynnt. Stjórnin hefur engar athugasemdir. Rekstrarniðurstaða ársins 2016 er tap uppá 11.271.980.- kr og skýrist það af gjaldfærðri húsaleigu vegna Laufskóga 1. Ekki varð tap af hefðbundnum rekstri. Framhaldsaðalfundur verður boðaður þegar endurskoðaður ársreikningur liggur fyrir.

### **3. Kjör endurskoðenda**

Kristjana vekur athygli á hugsanlegu vanhæfi. Borið undir atkvæði og samþykkt, Kristjana vísar af fundi undir þessum lið. Marianna leggur til að KPMG verði áfram endurskoðendur reikninga og það borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### **4. Starfsmannamál**

Elsa Guðný gerir grein fyrir því að Beata hefur sagt upp störfum í ræstingum og mun hætta í byrjun mars. Búið er að ráða verktaka til starfsins. Annars er staða í starfsmannamálum óbreytt.

### **5. Húsnæðismál**

#### **5.1. Viljayfirlýsing um byggingu burstar tvö**

Viljayfirlýsing undirrituð 16. október 2016 af þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, Illuga Gunnarssyni og bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs, Birni Ingimarssyni, þess efnis að ný burst verði reist við Safnahúsið á næstu árum. Elsa Guðný fer yfir innihald viljayfirlýsingarinnar.

#### **5.2. Fundur fulltrúa Minjasafns, Héraðsskjalasafns og Fljótsdalshéraðs um skuldbindingu Fljótsdalshéraðs v. Laufskóga 1.**

Elsa Guðný safnstjóri og Marianna formaður stjórnar voru fulltrúar Minjasafnsins á fundinum. Farið yfir ferlið sem málið hefur verið í á árinu 2016 og niðurstöður fundar kynntar.

#### **5.3 Geymsla safnsins að Tjarnarási 9**

Elsa Guðný fer yfir hver staðan er á því húsnæði, búið að komast fyrir lekann sem fannst og stefnt er á flutning gripa í húsið á fyrri hluta ársins 2017.

### **6. Minjasafn Austurlands sem ábyrgðarsafn.**

Elsa Guðný vekur athygli á því að komið í menningarstefnu Fljótsdalshéraðs sem gefin var út árið 2016 að stefnt skuli að því að safnið verði ábyrgðarsafn. Stjórn er jákvæð fyrir því. Elsa Guðnýju ætlar að kanna málið og það verður tekið fyrir á næsta fundi.

### **7. Skýrsla safnstjóra.**

Elsa Guðný fer yfir það sem hefur verið í gangi síðan stjórn kom saman síðast og endar mál sitt á því sem er framundan.

- Sýningin um Jón frá Möðrudal stóð út september. Vel sótt og samstarfið vel heppnað.
- Safnafræðsla:
  - Áframhaldandi samstarf við leikskólann Tjarnarskóg.
  - Boðið upp á jólaheimsókn þar sem rætt var um þær athafnir og hluti sem jólasveinarnir draga nöfn sín af. Elsti árgangur leikskólans Tjarnarskógar kom í slíkar heimsóknir og líka 1. og 2. bekkur í Fellaskóla.

- Farið var með safnfræðslu á Hádegishöfða (að þeirra frumkvæði)
- Menntaskólinn kemur í reglulegar heimsóknir: Listir á líðandi stundu, saga, þjóðfræði.
- Festum þráðinn – sýningin, bókin, styrkir, útsaumskafti, sýningin farin til Noregs.
- Bókavaka
- Jólaskemmtun þjónustusamfélagsins
- Minningar um torfhús. Ljósmyndasýning franska doktorsnemands Söndu Coullot sem rannsakar íslenska torfbæinn í verkefni sínu og hefur dvalið á Skriðuklaustri við rannsóknir.
- Framundan:
  - Flutningar í geymsluna að Tjarnarási
  - Sumarsýning tileinkuð afmæli Egilsstaða, samstarf við Héraðsskjalasafn og Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs – fengum styrk frá Fljótsdalshéraði til verksins.
  - Elsa Guðný segir frá því að hún fékk fyrirspurn um möguleikann á að setja upp farandsýninguna *Verbúðarlíf*.
  - Í undirbúningi: fá að setja auglýsingu (segl) utan á húsið til að vekja athygli á Hreindýrasýningunni, stílað á túrista. Elsa Guðný er að undirbúa erindi á umhverfis- og framkvæmdanefnd vegna þessa.

## 8. Önnur mál

Elsa Guðný fékk erindi frá Breiðdalssetri um að koma á tengingu á milli setursins og Minjasafnsins. Komið er uppkast frá Breiðdalssetri að samstarfssamningi milli þessara tveggja staða sem Elsa Guðný kynnir. Stjórn jákvæð og afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Fundargerð lesin og samþykkt  
Fundi slitið kl. 17:35